

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Margrét Eggertsdóttir og Guðrún St. Guðbrandsdóttir

Tímafjöldi: 10 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Byrjendalæsi, Halló Heimur 1 og 2, Litla Lesrún, Ritrún 1, Góður - betri - bestur 2A, skrift 1. Námsþing og gagnvirk efni s.s. krakkaleikir á mms.is, Orðagull, Stafaleikurinn og fleira. Lestrarbækur, glósubækur, verkefna- og úrklippubækur og fl.

Hluti verkefnanna eru unnin í samþættingu við náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál og hlustun	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði,þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,þjálfist í að segja frá eftirminnilegum atburði,þjálfist í að hlusta og horfa með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og þjálfist í að greina frá upplifun sinni,þjálfist í að lýsa ákveðnu fyrirbæri,geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	<ul style="list-style-type: none">UpplesturByrjendalæsiÞemavinna	Símat á almennri þátttöku í umræðum, hópvinna og öðrum verkefnum í kennslustundum.
Lestur og bókmenntir	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,þjálfist í að tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,þjálfist í að lesa ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.	<ul style="list-style-type: none">Lesi fyrir kennaraByrjendalæsiVinna með lesskilningstexta	Lesfimipróf Stafakannanir Samræmd skimunarpróf
Ritun	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að draga rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega,geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,þjálfist í að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,þjálfist í að beita einföldum stafsetningarreglum.	<ul style="list-style-type: none">ByrjendalæsiSkriftarbækurOrðaskriftSögugerð	Símat og leiðsagnarmat
Málfræði	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,þjálfist í að leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	<ul style="list-style-type: none">ByrjendalæsiMálfræðiæfingarLeikir	Símat og leiðsagnarmat Samræmd skimunarpróf

Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D. Einnig eru verkefnin metin sem lokin/ólokun

